

**STURLA SIGHVATSSON**

**EFTIR**  
**DR. HELGA PJETURSS**

## Sturla Sighvatsson.

Vigsterkur var nafnið sein hann hlaut í draumi ömmu sinnar Guðnýjar, og Sturla er ekki miklu friðlegra, enda fór þar raun eftir nafni. Var hann snemma mikill fyrir sér, eins og hann sýndi þegar hann fór í Miklagarð, til Þorvarðs að fala sverðið góða.

Hugrekki hans má marka af því, hve djarflega hann sækir að Aroni Hjörleifssyni, kappanum, í Grimseyjarfjöru; var honum þó maðurinn vel kunnur, þar sem þeir höfðu verið leikbraður.

En Hákon konungur sagði löngu síðar, er hann stóð yfir grefti Arons, að þar hefði »látzt eitt hið bezta sverð af« þegnum sínum, og var þá langt til jafnað.

Söguritarinn Sturla Pórðarson segir ekkert af ytri ásýnd frænda sinna annara. En er hann hugsar til Sturlu Sighvatssonar á þingi eitt sinn, hrjóta honum þessi orð: »hygg ek, at fáir munu sét hafa röskligra mann.«

Er það djúpt tekið í árinni, því að margt var þá röskra manna á Íslandi.

Af öðru, sem sagt er, má marka, að Sturla Sighvatsson hafi verið allra manna fríðastur.

Solveig kona Sturlu var dóttir Sæmundar Jónssonar í Odda, en afi hennar var Jón Loftsson, hinn ókrýndi konungur Íslands. — Er eins og einhver kvöldroðafegurð yfir nafni Jóns Loftssonar, því að með æfi hans var lokið friðaröld Íslands.

Sturla virðist hafa unnað konu sinni Solveigu mjög, og ekki er þess getið, að hann hafi átt börn með öðrum

konum eftir að hann giftist, en slikt var mjög titt um aðra höfðingja á Sturlungaöld.

Solveig Sæmundardóttir hafði verið augasteinn föður síns og skipaði hann svo til, að hún skyldi ganga jafnt til arfs við syni hans. En Snorri Sturluson, sem þeir bræður Sæmundarsynir fengu til að standa fyrir fjárskiftunum, »stillti svá til, at Solveig hafði svá nær allan koseyri af arfi þeim er hún rétti hendr til.«

Hafði Snorra, sem var ekki síður fegurðarnæmur en fégjarn, þótt »allskemtilegt at tala við« Solveigu, og ef laust hefir hann hugsað þar til kvonfangs, er hún var.

Hefði verið gaman að sjá þeirra ferð, Snorra og Solveigar, er þau riðu frá Keldum; hún sennilega ein hin friðasta kona á þessu kvennprúða landi, og hann óefað mesti snillingur einhver, sem verið hefir á Norðurlöndum.

Á þeiri ferð mættu þau frænku Solveigar, Hallveigu Ormsdóttur, »er þá var féríkust kvenna á Íslandi« og sennilega féspör að því skapi; var bæði búnaður hennar og föruneyti fátæklegt, og þótti Snorra »hennar ferð heldur hæðileg ok brosti at.«

Þó tók Snorri síðar Hallveigu til bús með sér, fjárins vegna, er öðru vísni fór en hann ugði, og Sturla Sighvatsson hafði fengið Solveigar.

Væri hér mikil söguefni fyrir mann, sem með kynni að fara..

En þetta, sem nú var drepið á, mun í byrjun hafa verið aðalrótin undir fjandskap Snorra og Sturlu, sem til svo mikils ills leiddi fyrir báða þá, og raunar fyrir alla þjóðina.

Það er til marks um hversu vel Sturla, svo frekur sem hann var og fégjarn, kunni að meta snild og fróðleik, að þegar hlé var á fjandskapnum milli þeirra frænda, lagði hann mikil kapp á að láta rita upp bækur þær, er Snorri setti saman.

Sturlu Sighvatssyni hefir verið brugðið um grimd og sviksemi, og raunar ekki alveg að ástæðulausu.

En þess verður að gæta, á hvaða tínum hann lifði og við hverja hann átti.

Hann rauf sætt á Þorvaldssonum og léttaka þá af lífi, Pórð og Snorra.

En þeir Þorvaldssynir höfðu áður gert honum heim-sókn að Sauðafelli og ætluðu að »lita lokkinn hans Dala-Freys«, eins og þeir nefndu hann. Þótti þeim verst að Sturla var ekki heiðra, og gengu fram af svo miklu grimdaræði, að fá dæmi eru sliks, eða engin, á þeirri grimdaröld, og söguritarinn kemst við, sem annars sjaldan ber á.

»Par var aumlegt at heyra til kvenna ok sárra manna« í skálanum, er þeir Þorvaldssynir höfðu ætt um og unnið á fólkini varnarlausu í rekkjunum. Solveig húsfreyja hafði fyrir skömmu fætt barn, og gengu þeir að hvílu hennar »með brugðnum ok blóðgum sverðum« og hrístu að henni og »sögðu at þar voru þau vápn, er þeir höfðu litað lokkinn á honum Dala-Frey með. En fyrir alt saman, skapraun hennar ok sjúknað, þá brá henni nökkt við þvílik orð.«

Það var því engin furða, þó að jafn skapstór maður og Sturla Sighvatsson gæti ekki stilt sig um að hefna fyrir slikar tilgerðir, þegar honum gafst faeri á, og það því fremur, sem hann þóttist viss um, að Þorvaldssynir mundu taka hann af lífi, hvenær sem þess yrði kostur.

Og að ganga á gjörðar sættir gat engan veginn vaxið í augu vel trúuðum manni á þeim tínum, þar sem fullkunnugt var, að kirkjan gat gefið fullkomna lausn fyrir hverskonar svik og ódaði. Kirkjan seldi — dýru verði — sakleysi fyrir syndagjöld, og á þann hátt hlaut hún óbein-línis að hvetja til margra illræða, hversu mjög sem klérkarnir prédikuðu á móti þeim í aðra röndina.

Svo ófagrar sem eru aðfarir Sturlu við Órækju Snorrason, þá er þeim líka talsverð bót mælandi.

Órækja kemur hvervetna fram sem hinn versti maður, og eftir hugsunarhætti þeirra tíma hafði hann marg-faldlega fyrirgert lífi sinu.

Það nægir að nefna hér fátt til.

Sturla Sighvatsson fór utan til þess að láta klerka suður í Róm hýða sig, svo að hann gæti fengið lausn fyrir víg Þorvaldssona. Hafði hann áður sett vin sinn Odd Álason (Ólafsson) til «at gaeta þingmanna sinna i Vestfjörðum». Þennan mann létt Órækja drepa á niðingslegasta hátt, fyrir alls engar sakir, að því er virðist.

Margt fleira gerði Órækja á hluta Sturlu, og safnaði til sín versta illþýði, ræningjum og morðvörgum.

Það var því engin furða þó að Sturlu þætti Órækja hafa verið býsna-stórvirkur í sinn gard, þegar heim kom. Er það skjótast frá að segja, að hann nær Órækju á sitt vald, fer með hann upp í Surtshelli og skipar að stinga úr honum augun; en ekki fylgdi þeirri skipun meiri alvara en svo, að Órækja sá jafnt síðan sem áður. Önnur meiðsl voru ekki gerð nema til hálfis. Einnig þetta langa og óþarfa ferðalag bendir til þess, að Sturla hafi eigi síður ætlað að hræða hann en meiða, og ber það eftir at-vikum fremur vott um vægð en grimd. Eða hvernig ætli Þorvaldi Snorrasyni, eða Kolbeini unga, eða Gissuri, hefði farizt ef eins hefði staðið á?

Munurinn á Sturlu Sighvatssyni og Kolbeini unga eða Gissuri Þorvaldssyni, er svipaður þeim, sem er, nokkuð síðar, á fraenda hans Þorgils Skarða og niðingnum Þorvarði Þórarinssyni. Göfuglyndi virðist jafnvel bregða fyrir í Sturlu eins og í Þorgilsi. Baðir eru þeir ofsamenn og fljótir til höggs ef þeir reiðast, en naumast grimdarseggir og manndráparar að eðlisfari, eins og hinir, sem nefndir voru.

Munurinn á Sturlu og Þorgilsi annars vegar, en Kolbeini, Gissuri og Þorvarði hins vegar, er likur þeim, sem eftir almannatrúnni, er á ljónum og tígrisdýrum.

Raunar verður þó Gissuri og Þorvarði ekki likt við tigra, án þess að gera þeim dýrum rangt til.

Svo stórhuga var Sturla Sighvatsson, að hann ætlaði sér að verða konungur yfir Íslandi, og var þó við ramma reip að draga.

Efast þú aldrei um það, að eg ætla mér meira hlut en öðrum mönnum á Íslandi, sagði hann við Gissur Þorvaldsson.

~~Versta yfirsjón hans var það, að dropa ekki Gissur~~  
 þegar þeir hittust við Apavatn, og víst kom honum það í hug. En hann var, eins og áður er sagt, enginn manndrápari að eðlisfari, og gat illa unnið vig, eða látið vinna, óreiður. Hann gætti þess ekki, að hann átti við þá, sem voru »slægir sem höggormar« og grimmari en tigrar, og aldrei mundu honum hlifa, ættu þeir ráð á lífi hans.

Pá skoðun, að Sturla hafi ætlað sér að ná yfirráðum yfir öllu Íslandi til að fá þau síðan í hendur Noregskonungi, hygg eg sprottna af misskilningi, þrátt fyrir það sem i Hákonarsögu segir. Sturla hafði i of ríkum mæli til að bera þá tegund föðurlandsástar, sem er ekkert annað en ást á sínum eigin yfirráðum, til þess að hann gæti tekið upp slikt ráð. En vel getur hann af viðræðunum við slægðarkarlinn Hákon hafa staelst í þeirri hugsun, að ná undir sig landinu öllu, og honum var auðvitað þókk á, að Noregskonungur styrkti hann í þeim stórræðum.

Hyggindakarlinum Sighvati hefir nærið því ofboðið að gangurinn á Sturlu, sem hann auðsjáanlega hefir unnað mjög mikið. »Hvé lengi mun haldask ofsi sjá hinn mikli er Sturla hefir um fram frændr vára aðra?«, spyr hann Má kumbalda og sjálfan sig. Og hann varar Sturlu við, með sinni einkennilegu kýmni, sem virðist ekki hafa yfirgefið hann fyr en á Örlygsstöðum, þar sem Kolbeinn ungi, er Sighvatur um tíma hafði verið nær því í föður stað, stangaði hann gamlan og uppgefinn með oddbrotnu spjóti. — Svo ferlega lýsti sér sú heift, sem á vorum tínum, ef til vill, einungis hefði getað fengið afrás í blaðagreinum og bakmælgi. —

En kýmni Sighvats minnir mjög á andann, sem kemur fram viða í Eddu Snorra bróður hans, eða t. d. í snildarsögunni af Atta hinum dælska í Heimskringlu. Og hver veit; Sighvat hefir, ef til vill, ekki vantað annað en það,

að vera alinn upp í Odda, til þess að verða ritsnillingur eins og Snorri.

Hvílik merkisbók Sturlunga er!

Í birtunni, sem frá orðum söguritarans leggur yfir hina löngu horfnu öld, sjáum vér undraverðar og geigvænlegar myndir. Engin íslenzk öld hefir eins knúið fram það sem í mönnunum býr eins og Sturlungöldin, og ekki silt þess vegna er oss sagan um hana svo mikilsverð. Og þó að margt af því, sem öldin knýr fram, sé býsna ófagurt — eins og við er að búast — þá verður henni þó ekki með öllu neitað um fugurð. En sú fugurð er eins og dýrð jöklanna, eldfjallanna og fossanna, ógnþrungin.

Vér sjáum þar ljóma á hreysti, snild og vit, svo að aldrei hefir verið betur á landi hér; en þar glórir lika í djöfullegt hatur, sviksemi og grimd. Og íslenzka aflið og vitið beinist langmest að því, — að eyða íslenzku affi og viti. Og gæfan virðist stundum fara eftir öðru en gjörvuleika, og þeir verða oft undir, sem oss er sárara um.

Snorri var myrtur, eins og uppeldisbróðir hans Ormur Jónsson (er ritað hefir Njálu?), og Sturla, sem forlögin höfðu teft fram til varnar sjálfstæði Íslands, féll fyrir vopnum óvina sinna.

Fátt í Íslendinga sögum er sorglegra en sagan um Örlygsstaðabardaga, og skulum vér nú hugleiða hana lítið eitt.

Sturla var í Miklabæ nöttina fyrir bardagann; hann lá í lokhvílu og annar maður til. »Skálinn var allur skipaður mönnum«, og má nærrí geta, að loftið hefir verið býsna þungt um nöttina, þar sem þessi mannfjöldi var saman kominn.

Get eg þessa af því að einmitt þetta atriði reyndist næsta þýðingarmikið.

»Sturla vaknaði þá er sól var lítt farin. Hann settisk upp, ok var sveitugr um andlitið; hann strauk hendinni fast um kinnina ok mælti: ekki er mark at draumum.«.

Það er auðscéð á þessari frásögn, sem mun vera eftir sjónarvott, að Sturla hefir vaknað illa, eins og mönnum hættir við, jafnvel þeim, sem vel eru svæfir, ef blóð þeirra sneyðist mjög að súrefni, hvort sem það kemur til af því, að þeir liggja illa, svo að þeim verður óhægt um andardrátt, eða af hinu, að loftið sem þeir anda að sér er mjög spilt, eins og hlaut að vera þarna í skálanum. En sakir þess, að andardráttarstjórnin lætur miklu seinni til sín taka í svefni, getur dregist að menn vakni, þangað til þeir eru orðnir mjög loftvana; manninn fer að dreyma illa — það er nokkurs konar útskýring hinnar óljósu vitundar á ónotunum, sem finnast gegn um svefninn — draumarnir fara versnandi eftir því sem súrefnið í blóðinu minkar, og lokur, rétt um leið og andardráttarstjórnin tekur svo fast í taumana, að maðurinn vaknar við, verður draumurinn sem allra geigvænlegastur, oft á þá leið, að manninum sé bráður bani búinn af slysi eða tilræði.

Og þetta er nú einmitt það, sem Sturlu hefir dreymt.

Honum liður illa þegar hann vaknar, og orðin »ekki er mark at draumum« sýna einmitt, að draumurinn hefir fengið á hann, og auðvitað hefir hann þýtt hann á þá leið, að hann mundi falla í bardaganum.

Rétt á eftir kemur maður í skálann og kallað: »Nú riðr flokkinn Sunnlendinga ok er herr manna. Hljópu menn þá til vápna.«

En Sturla gengur til kirkju.

Fer hann þangað til að biðja guð Ísraels og páfanna að gefa sér sigur?

Nei. Það er draumurinn illi, sem rekur hann til kirkjunnar; hann syngur rómverskar bænir til þess að fá fremur umflúið Helviti ef hann falli í bardaganum.

Ótti við Helviti var aðalatriðið í trú Sturlungaaldarinnar<sup>1)</sup>, og á þeim ótta ól kirkjan sem framast mátti verða, því að á honum byggðist að mestu leyti vald hennar.

<sup>1)</sup> Sbr. ritg. „Ír trúarsögu Forn-Íslendinga“ i 1. h. Skírnis 1906.

»Sturla tók rollu úr þússi sinu, ok söng af bænir sínar, ok söng Augustinus-bæn meðan liðit bjósk.«

Hinn heilagi Ágústínus var eins og kunnugt er, einn af höfuðsmiðunum að Helviti kirkjunnar, og gæti manni því komið tilugar, að sú bæn sem við hann er kend, hafi átt að vera sérlega kröftug móti Helviti.

Snarræði og sköruleg forsögn virðist annars hafa einkent Sturlu Sighvatsson, en í þetta skifti, þegar mest reið á, lenti hann allur í bænasöng, af því að hann haffi sofið í mjög loftillum skála og því vaknað við vondan draum.

Og það má nú nærri geta, hvort ekki muni hafa verið seinni handtök hjá liðinu að búa sig, þegar höfðingjann vantaði.

Sturla sjálfur hafði ekki fengið ráðrúm til að brynjast, vegna kirkjugöngu sinnar, en þegar á vígvöllinn var komið, var honum fengin lítil brynja og ónóg. Ekki hafði hann heldur gáð að fá sér gott vopn, heldur hafði hann gamalt spjót, seni beyglæðist þegar á reyndi, og kom því fyrir lítið þó að hann verðist »fimt og vel« og legði með spjótinu svo hart »at menn félle jafnan fyrir«. »Skildir voru bundnir i klyfjar; ok urðu þeir eigi leystir.« Pað hefir alt farið í handaskolum hjá hinum höfuðlausum her. »Einn skjöldr var lauss, er á var markað er crucifixum; sá var Sturlu ætlaðr; en hann tók eigi við.« Ef til vill af því að hann vildi ekki vera betur búinn að verjum en menn hans.

Nú víkur sögunni til Gissurar. Hann lá úti nóttna fyrir bardagam. Í léttu loftinu svaf hann miklu betur en Sturla í skálasvælunni og dreymdi — þess vegna — svo, að honum þótti betur en ódreymt: var honum hvöt og hugarstyrkur að draumnum. Hann vaknar hress og alhvildur og heldur snjalla eggjunarraðu fyrir liðinu.

Íslands óhamingju verður alt að vopni, jafnvel draumar.

Hvo mjög Sturla Sighvatsson var ókkur pennan dag því sem hann átti að sér, kenur einnig fráum í orustubýrjun.

»Peir Kolbeinn riðu mjök at gerðinu« — þar sem Sturla var fyrir með lið sitt — »áður þeir stigu af hestum«. Menn Sturlu vilja nú hlaupa á þá meðan þeir eru að fara af baki, og verða þannig fyrri til að vekja orustumna. En Sturla bannar það, og tekur heldur þann kost að biða átekta og var þó gerðið alveg ónytt vígi.

Drunginn og ónotin, sem í honum voru eftir ólofts-drauminn voru ekki horfin enn.

En ef til vill hefðu úrslitin orðið á hinn veginn, ef Sturla hefði hafið áhlaupið, þó að óvinir hans væru liðfleiri.

Frásagan um bardagann er fremur ógreinileg, enda hefir ekki verið auðvelt, þar sem svo margir börðust, að átta sig á því sem fram fór.

Mikil aðsókn var að Sturlu og varðist hann drengilega. Beztu menn hans voru vist hvergi nálægir honum, aðrir en Lauga-Snorri, og »hlífði Snorri honum en eigi sjálfum sér«. Fékk hann því brátt mörg sár og stór og félí þar.

Slikrar hetju-trúmensku til dauðans er oftar getið í Sturlungu, og skína þau fögur dæmi bjart úr sorta sviksemi og niðingsskapar.

Sturla var þrotinn af mæði og blóðrás og sennilega sár til ólifis, þegar hann hann sagði við Hjalta biskups-son »Grið frændi«. Gaf hann seint upp vörnina, þó að hann hafi sjálfsagt óttast það miklu meir en dauðann, að falla án þess að hafa náð prestsfundi.

Hjalti var fús á að gefa Sturlu grið og gengur burt að sækja prest.

En þá kom Gissur þar að, sem Sturla lá á jörðunni, mállaus og meir en hálfdaudur, og var Gissur nú miklu djarfari við hann, en þá er þeir hittust við Apavatn áður.

Gissur kastaði af honum hlifunum og stálhúfunni og mælti »hér skal ek at vinna«. Tók hann síðan breiðöxi af manni og hjó i höfuð Sturlu og fylgdi vel eftir.

En fylgdarmenn Gissurar flettu hann klæðum og létu vopnin ganga á hinum fallna kappa, eins og hrædýr hamast í dauðu ljóni.

Og þannig sjáum vér siðast Sturlu Sighvatsson. Hinn sterki og fagri líkami liggur nakinn á jörðunni, flakandi í sárum og ataður í blóði.

Draumurinn illi var kominn fram, og hafði sjálfur stuðlað að því að hann rættist.

Sjálfstæði Íslands var það, sem var sært banasári á þessum vigvelli. Hefði Sturla og þeir feðgar borið hærra hlut á Örlygsstöðum, þá hefði enginn getað rönd við þeim reist framar, og aftaugar íslenzka þjóðlikamans hefðu ekki slitnað sundur í krampateygjum innanlands styrjaldar. Hákon gamli hefði ekki náð undir sig landinu og Íslendingasögur hefðu ekki endað árið 1262.

HELGI PJETURSSON.